



TILMÆLI UM VERKLAG

Tilmæli um verklag við stígunarrannsóknir hjá körlum með nýgreint krabbamein í blöðruhálskirtli

Eftirfarandi tilmæli styðjast við klínískar leiðbeiningar frá RCC (Regionalt Cancer Centrum), EAU (European Association of Urology) og frá National Institute for Clinical Excellence (NICE) í Bretlandi frá árinu 2008.

Krabbamein í blöðruhálskirtli er algengasta krabbamein íslenskra karla. Árlega greinast um 200 tilfelli en um tveir þriðju sjúklinga hafa staðbundinn sjúkdóm við greiningu. Skilgreindir hafa verið áhættuhópar eftir líkum á meinvörpum til svæðiseitla eða beina.

1. Lítill áhætta:
T1-T2a og Gleason gráða ≤ 6 og PSA $< 10 \mu\text{l}$
2. Meðal áhætta :
T2b-2c eða Gleason gráða 7 eða PSA 10-20 μl
3. Mikil áhætta:
T3-4 eða Gleason gráða 8-10 eða PSA $>20 \mu\text{l}$

Ekki er mælt með stígunarrannsóknum hjá einstaklingum í hópi 1 eða 2 nema einkenni gefi tilefni til þess. Hjá einstaklingum í hópi 3 er mælt með myndgreiningu ef róttæk meðferð er fyrirhuguð. Hjá körlum í hópi 2 með Gleason gráðu 7, hvar Gleason þáttur 4 er útbreiddur er mælt með stígunarrannsóknum.

Beinarannsóknir eru óþarfar hjá einkennalausum körlum með PSA $< 20 \mu\text{l}$, eins ef ekki á að beita læknanði meðferð, þ.e.a.s. brottnámi á blöðruhálskirtli eða geislameðferð.

Vísað er til meðfylgjandi heimilda til frekari upplýsinga og ráðlegginga.

Höfundar

Eiríkur Jónsson yfirlæknir og Rafn Hilmarsson þvaghæturáskurðlæknir.

Leiðbeiningarnar voru gefnar út í febrúar 2012, endurskoðaðar í janúar 2016 og verða endurskoðaðar eigi síðar en að þremur árum liðnum, en fyrr ef ástæða þykir til.

Heimildir:

National Institute for Clinical Excellence (NICE) – Prostate Cancer. Janúar 2014.
<http://www.nice.org.uk/guidance/cg175>.

Regionalt Cancer Centrum (RCC). Apríl 2015. <https://www.cancercentrum.se/samverkan/>

European Association of Urology (EAU). 2015. <http://uroweb.org/guidelines/>